

Alþingi 136/11
Erindi nr. Þ 136/1435
komudagur 24.3.2009

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. mars 2009
2009030009/42-1-1
TB/JGÓ
gg/tb

Heimild til samninga um álver í Helguvík

Vísað er til tölvupósts frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 17. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík, 394. mál, heildarlög.

Frumvarp það sem hér er lagt fram fjallar fyrst og fremst um heimild til að semja við Century Aluminum Company og Norðurál í Helguvík ehf. um að reisa og reka álver sem framleiðir allt að 360.000 tonn af áli á ári, um skattlagningu reksturs álversins og um lögsögu íslenskra dómstóla. Framangreint fellur ekki undir verksvið Náttúrufræðistofnunar Íslands og gerir stofnunin ekki athugasemdir við frumvarpið hvað þessa þætti varðar að undanskildri stærð álversins.

Það vekur athygli Náttúrufræðistofnunar að í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögin nái til álvers sem getur framleitt allt að 360.000 tonn af áli á ári. Í athugasemdum við frumvarpið í kafla 5. Umhverfismál, þar sem fjallað er um úthlutun losunarheimilda, segir m.a. í lið 5.4 *Losun gróðurhúsalofttegunda* : „Við fyrstu úthlutun nefndarinnar, 27. september 2007, var einungis úthlutað heimildum til starfandi atvinnurekstrar. Við aðra úthlutun nefndarinnar, 30. september 2008, var Norðuráli úthlutað 539.000 losunarheimildum vegna álvers í Helguvík. Úthlutunin tekur til áfanga með ársframleiðslugetu á allt að 150 þúsund tonnum af áli.”

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er ekki gert grein fyrir hvers vegna fjallað er um 360.000 tonna ársframleiðslu þrátt fyrir framangreint. Í Fylgiskjali I kafla 7. Umhverfismál, kemur fram að álverið í Helguvík hefur aðeins starfsleyfi fyrir 250.000 tonna ársframleiðslu sem er sú stærð á álveri sem hefur farið í mat á umhverfisáhrifum. Í kafla 7 segir einnig: „Þar sem nú er áformað að reisa álver með 360.000 tonna grunn framleiðslugetu þarf að uppfæra mat á umhverfisáhrifum með tilliti til þess. Norðurál hefur gert frummat á helstu umhverfisþáttum og samkvæmt því er ekki þörf á breytingum á skipulagi eða þynningarsvæði álversins þrátt fyrir aukna framleiðslu.”


Náttúrufræðistofnun Íslands hefur m.a. það hlutverk að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og leggja mat á áhrif á náttúruna vegna mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar. Mat á umhverfisáhrifum er ein af þeim lögbundnu málsmeðferðum sem ætlað



er að leggja mat á áhrif framkvæmda á umhverfi og náttúru og gefa almenningi og hagsmunaaðilum tækifæri til að koma að viðkomandi máli. Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um að hægt sé að **uppfæra** mat á umhverfisáhrifum svo það falli að þeim lögum sem hér eru til meðferðar sbr. texta hér að framan. Jafnframt ályktar Norðurál skv. sínu eigin frummati á helstu umhverfisþáttum að ekki sé þörf á breytingum á skipulagi eða þynningarsvæði álversins þrátt fyrir aukna framleiðslu.

Náttúrufræðistofnun Íslands getur ekki betur séð en að framangreint frumvarp geri ráð fyrir því að niðurstaða mats á umhverfisáhrifum vegna hugsanlegrar stækkunar álversins í 360.000 sé fyrirfram gefin þ.e. að losun gróðurhúsalofttegunda og losun annarra mengunarefna sé ekki vandamál þrátt fyrir að eingöngu séu fyrir hendi losunarheimildir fyrir 150.000 tonna ársframleiðslu hvað gróðurhúsalofttegundir snertir og mat á umhverfisáhrifum hefur ekki farið fram. Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að sífelld aukning á losun gróðurhúsalofttegunda undanfarið árhundrað er talið í dag vera eitt helsta umhverfisvandamál á jörðinni. Náttúrufræðistofnun telur að framangreint frumvarp taki ekki tillit til lögbundinnar málsmeðferðar umhverfismála og að aðlaga eigi frumvarpið að þeim lagalegu heimildum sem fyrir hendi eru s.s. er varðar losun gróðurhúsalofttegunda, starfsleyfi og úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt


Guðmundur Guðmundsson
staðgengill forstjóra


Trausti Baldursson

